

Kennsluáætlun EÐLI2AS05

Kennari: Ronald Björn Guðnason (ronald@fsu.is).

Kennsluefni og námstilhögun:

Nútíma stjörnufræði eftir Vilhelm Sigmundsson. Höfundur gefur út. Stoðefni í bókum og tímaritum á bókasafni og á alnetinu.

Fluttir verða nokkrir fyrirlestrar um stjörnufræðileg efni og sýnt myndefni eftir því sem tilefni gefst til.

Umfjöllunarefnið er sólkerfið okkar og stjörnuhimininn, einkum í ljósi nýrra vísindalegra uppgötvana.

Megin námsvinnan felst í verkefnavinnu nemenda. Áhersla er lögð á sjálfstæða gagnaöflun og eigið val á efnistökum og framsetningu efnis.

Námsmat:

Krafist er fullra skila á öllum verkefnum.

Verkefni vega 75% lokaeinkunnar.

Ritgerð vegur 25% lokaeinkunnar.

Nú stefnir nemandi á að útskrifast áður en áfanginn verður kenndur á ný og árangur hans í einstökum þáttum uppfyllir ekki lágmarkskröfur. Getur hann þá, fyrir lok kennslu, óskað eftir því að tilraunum hans við einstaka verkefni eða smáþrautir, þar sem árangur var undir 50%, verði eytt og honum gefist kostur á að bæta árangur sinn. Slíkri tilraun þarf að ljúka fyrir miðnætti 8. maí.

Nánari lýsingu á einstökum efnispáttum er að finna á MOODLE.